

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Rangárþingi eystra, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem fráveitulagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins.

2. gr.

Álagningastofn fráveitugjalds skv. 1. gr. skal vera 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

5. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa skv. 22. gr. samþykktar um fráveitur í Rangárþingi eystra.

Árlegt rotþróargjald á íbúðar- og frístundahús, þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró	kr. 14.500
--------	------------

Árlegt rotþróargjald við atvinnurekstur eða fyrirtæki, þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-4.000 lítra	kr. 14.500
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr. 16.800
Rotþró 6.001 lítra eða stærri	kr. 7.500 pr. m <sup>3</sup>

Fyrir aukulosun rotþróa, allt að 6.000 lítra að stærð, skal greiða kr. 68.000. Fyrir aukulosun rotþróa, 6.001 lítra eða stærri, skal greiða sérstaklega skv. gjaldskrá losunaraðila.

6. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulágra ellí- og örorku-lífeyrisþega.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 10. desember 2020.*

**Lilja Einarsdóttir** sveitarstjóri.